



Fyrstu tvo tímana seldust myndir fyrir meira en 10.000 kr.

Listsýning Alþýðubandalagsins opin í dag kl. 10—23

Sölusýningin á verkum þeim, sem tuttugu myndlistarmenn hafa gefið Alþýðubandalaginu, var opnuð í Góðtemplarahúsinu kl. 2 síðdegis í gær. Aðsókn að sýningunni varð strax mikill og fyrstu tvo tímana seldust myndir fyrir meira en 10.000 krónur. Í dag sunnudag verður sýningin opin kl. 10 árdegis til kl. 11 síðdegis og er þá lokið. Eins og skýrt var frá hér í blaðinu í gær er verð myndanna á sýningunni mjög hagstætt, allt frá 75 krónum, og gefst mönnum því einstakt tækifæri til að eignast góð listaverk, en allur ágóði af sýningunni rennur í kosningasjóð Alþýðubandalagsins. — Myndirnar hér við hliðina eru báðar á sýningunni í Góðtemplarahúsinu (uppi).



Sigurður Sigurðsson: Frá Þingvöllum.



Eggert Guðmundsson: Frá Mývatni.

Tító ákaft fagnað í Leníngrad

Tító, forseti Júgóslavíu, lauk í fyrrakvöld tveggja daga heimsókn sinni í Leníngrad. Hann fór í fyrradag ásamt Krústjoff að skoða hina fornu sumarhöll keisaranna, Peterhoff. Tugþúsundir manna fögnuðu honum, brutust gegnum lögreglugirðingar og ruddust yfir blómabæð í hinum fagra garði til að komast nær honum. Mannfjöldinn hrópaði í sífellu: Lengi lifi vinátta Sovétríkjanna og Júgóslavíu.

Tító kom aftur til Moskva gær og hóf að nýju viðræður við Krústjoff og aðra sovétka ráðamenn. Hann heldur í dag af stað í viku ferðalag suður á bóginn, m.a. til Stalíngrad og Svartahafsbæjarins Sotsí. Í Sotsí munu þeir Krústjoff halda áfram viðræðum.

Keppni íþróttadagsins

Þeir sem hafa hug á að taka þátt í keppni íþróttadagsins geta annað hvort mætt á íþróttavellinum við Suðurgötu milli kl. 10 og 3 í dag eða á íþróttasvæði KR við Kaplaskjólsvæg kl. 5.30-8 síðdegis á morgun. Keppt er í 100 m hlaupi (lágmarksárangur til að hljóta stig 15.5 sek.), 1500 m hlaupi (6 mín.), kúlurvarpi (7 m) og hástökki (1.20 m).

Pineau krefst nýrrar stefnu

Pineau, utanríkisráðherra Frakklands, sagði í ræðu í París í fyrradag, að vesturveldin yrðu að breyta sameiginlegri stefnu sinni gagnvart Sovétríkjunum og það væri fáránlegt af þeim að halda fast við jártjöld, fyrst Sovétríkin væru farin að brjóta sín niður.

Pineau fer eftir tæpa viku vestur um haf til viðræðna við bandarísku stjórnina.

Úthlutun íbúða í raðhúsum við Réttarholtsveg verði hraðað

Ósjálfráð viðbrögð íhaldsfulltrúans

Á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag var eftirfarandi tillaga frá Þórunni Magnúsdóttur samþykkt samhljóða: „Bæjarstjórn Reykjavíkur felur bæjarráði að hraða úthlutun „raðhúsanna“ við Réttarholtsveg svo sem auðið er“.

Við atkvæðagreiðslu um tillöguna gerðist spaugilegt atvik, sem lýsir vel viðbrögðum íhaldsfulltrúanna í bæjarstjórn, þegar um er að ræða mál borin fram af fulltrúum minnihlutaflokka. Til þess að þurfa ekki að fella úrbótatillögu minnihlutans beinlínis er venjan að vísa þeim til bæjarráðs, í ruslakistu íhaldsins þar, og á fundinum í fyrradag sást glögg að slík afgreiðsla mála er orðin íhaldsfulltrúunum ósjálfráð. Guðm. H. Guðmundsson var í forsæti í forföllum Auðar Auðuns, og þarsem hér var á ferðinni tillaga frá „kommúnista“ fannst honum sjálfsagt að vísa henni til bæjarráðs (efni hennar skipti engu máli eða orðalag)! Lýsti hann síðan yfir að „tillaga“ hefði komið fram um að vísa tillögu Þórunnar til bæjarráðs, en þá áttaði Gunnar Thoroddsen borgarstjóri sig, greip framí og sagði: „Hvað er þetta?“ Stungu þeir Gunnar og Guðmundur síðan saman nefjum og er forseti hafði greint flokksmönnum sínum frá skoðun borgarstjóra, sem hafði áður í ræðu lýst fylgi sínu við tillögu Þórunnar, var málið að

sjálfsögðu samþykkt samhljóða. En kindarlegur varð Guðm. H. Guðmundsson á svipinn.

Fundur haldinn í Ólafsfirði

Alþýðubandalagið heldur almennt stjórnmalafund í samkomuhúsinu í Ólafsfirði í dag, sunnudag 10. júní. Fundurinn hefst kl. 4 síðdegis.

Frummælendur á fundinum verða alþingismennirnir Hannibal Valdimarsson og Gunnar Jóhannsson.

Húsmæður og kosningarnar

Á hinum mikla fundi Alþýðubandalagsins í Austurbæjarbíói vék Eðvarð Sigurðsson sérstaklega að hlutverki húsmæðranna í kosningunum. Ef til vill vinna verkamannakonurnar erfiðustu störfín í hverju verkfalli, sagði Eðvarð; þær hafa lítið fé handa á milli til að afla fjölskyldunni nauðsynlegs viðurværis, og eigin-

Þjóðviljinn

Sunnudagur 10. júní 1956 — 21. árgangur — 129. tölublað

Eisenhower skorinn upp, líður vel eftir atvikum

Eisenhower Bandaríkjaforseti var skorinn upp í fyrri-nótt og var liðan hans sögð mjög góð eftir atvikum í gær.

Þegar þrjár röntgenmyndir höfðu verið teknar af forsetanum, urðu 13 læknar sem kalladír höfðu verið að sjúkrabeði hans sammála um, að nauðsynlegt væri að skera hann upp. Sérfræðingar í hjartasjúkdómum, sem stunduðu hann í vetur, töldu óhætt að gera uppskurðinn.

Fjórir skurðlæknar önnuðust uppskurðinn og þeir aðrir aðstoðuðu þá. Kom í ljós, að til-

gáta lækna um garnastíflu var rétt. Reyndist góðkynjað æxli vera orsök og var það skorið burt.

Hagerty, blaðafulltrúi Eisenhower, sagði blaðamönnum, að ekkert væri hæft í orðrómi um, að um krabbameinsæxli hefði verið að ræða. Liðan forsetans hefði verið ágæt eftir atvikum þegar uppskurðinum var lokið og ekki ástæða til að óttast fylgikvilla.

Leiklistarþingi lokið

Á síðasta degi norræna leiklistarþingsins, í fyrradag, var meðal annars rætt um leiksýningar fyrir börn og unglinga og gerð samþykkt um skipti á leikgagnrýnendum milli leikhúsa á Norðurlöndum.

Sú samþykkt var á þessa leið: „Sjötta norræna leiklistarþingið beinir þeim tilmælum til félaga leikgagnrýnenda á Norðurlöndum, að þau taki til athugunar að vinna að gagnkvæmum skiptum á leikgagnrýnendum og að afstaða hafi verið tekin til málsins áður en fulltrúaráð norræna leiklistarsambandsins kemur saman eftir 1 ár“.

Fleiri samþykktir, er gerðar voru á þinginu, munu verða birtar í blaðinu í vikunni, en einna merkust er áskorun á norræn stjórnarvöld að taka upp í fjárlög styrkveitingu til gesta-leikja á Norðurlöndum, og önnur um að það að stjórnarvöld stofni sjóði til að sýna leikrit nýrra höfunda og stuðla þannig að þjóðlegri leikritun.

Guðlaugur Rósinkrans þjóð-

leikhússtjóri sleit þinginu síðdegis á föstudag. Formaður fulltrúaráðs sambandsins, Axel Otto Norman, lét við það tækifæri í ljós mikla ánægju gestanna með komuna hingað og dvölina hér.

Eftir það var þingfulltrúum boðið til Bessastaða, en kveðjuhóf var haldið í Þjóðleikhúskjallaranum í fyrrakvöld. Sumir fulltrúarnir héldu heimleiðis í gærmorgun, en aðrir fara í dag.

Leiðtogar vesturveldanna fá bréf

Bréf það sem Búlgaín sendi Eisenhower á miðvikudaginn hefur nú verið birt. Í bréfinu er fjallað um afvopnunarmálin. Minnt er á hinar árangurslausu viðræður afvopnunarnefndar SP og lagt til, að hvert ríki fyrir sig fæki í her sínum til að auðvelda alþjóðasamkomulag um afvopnun. Minnt er á, að Sovétríkin hafi ákveðið að fækka í her sínum um 1.200.000 menn og flytja 30.000 hermenn burt frá Austur-Þýzkalandi og skorað á vesturveldin að flytja einnig burt hluta af herjum sínum í Þýzkalandi.

Búlgaín hefur einnig sent þeim Eden, forsætisráðherra Bretlands, Mollet, forsætisráðherra Frakklands, Adenauer, forsætisráðherra Vestur-Þýskalands, og Segni, forsætisráðherra Ítalíu, bréf svipaðs efnis.

Suðurfylkin þrjózkast við

Báðar deildir fylkisþingsins í Louisianafylki í Bandaríkjunum hafa samþykkt ályktun, þar sem úrskurður hæstaréttar um bann við aðskilnaði kynþátta í skólum er lýstur ógildur. Þetta er sjötta fylkisþingið sem samþykkir slíka ályktun. Fylkisþing Virginíu, Suður-Karólínu, Alabama, Mississippi og Georgíu hafa áður gert það.